

Alþingi  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
sent rafrænt á [nefndasvid@alhingi.is](mailto:nefndasvid@alhingi.is)

Ísafirði 12. mars 2015

*Umsögn um frumvarp til laga um fólksflutninga á landi í atvinnuskyni 504. mál (heildarlög), 144. lögjafarþing.*

Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV) hefur kynnt sér umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið, dags 9. mars 2015. FV styður þau atriði sem tekin eru upp í umsögninni og hvetur umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis að taka þau til alvarlegrar skoðunar.

FV vill til viðbótar draga fram eftirfarandi atriði.

- Að heiti laganna verði breytt samkvæmt tillögu Sambands íslenskra sveitarfélaga í *frumvarp til laga um almenningsamgöngur og fólksflutninga á landi í avinnuskyni*. Með þessum hætti væri undirstrikuð megináhersla laganna sem fjalla um fyrirkomulag almannaþjónustu en eru jafnframt lagarammi um atvinnurekstur.
- Fjórðungssamband Vestfirðinga setur fyrirvara á að mögulegt sé að halda við rekstri heilsársþjónustu á grundvelli þeirra fjárveitinga sem fylgja einkarétti á Vestfjörðum. Forsendur fyrir fjárhagsramma og þjónustu þeirra einkaleyfa voru settar árið 2004 þegar síðast var útboð á sérleyfum. Við gerð samninga milli FV og Vegagerðinnar árið 2012 var ekki til umræðu að hreyfa við þessum fjárhagsramma. Ein afleiðing þessa er að ekki hefur verið hægt að fylgja eftir þróun samgönguúrbóta með heilsársvegum, t.d. á leiðinni Reykjavík-Hólmavík-Ísafjörður, heldur miðast stuðningur við þriggja mánaða sumarakstur, eins og árið 2004. Hinsvegar eru ákvæði samninga FV og Vegagerðarinnar þess efnis að unnið skuli að tengingu landshlutans við almenningsamgöngukerfi landsins.

Að nokkru hefur verið komið til móts við þessa stöðu með því að settir hafa verið ákveðnir fjármunir til þróunar leiðakerfis, en þeir eru svo takmarkaðir að ekki er hægt að nýta þá nema til tímabundinna verkefna. Þannig er á grundvelli fjárveitingar síðustu tveggja ára reynt í fyrsta sinn nú í vetur, að halda úti heilsársþjónustu á milli Ísafjarðar og Hólmavíkur og þaðan áfram með tengingu við áætlun með leið 59 á milli Hólmavíkur, Búðardals og Borgarnes og síðan með leið 57 til Reykjavíkur. Einnig er gerð tilraun á sama hátt, til að koma á heilsársþjónustu á milli Patreksfjarðar og Brjánslækjar í tengslum við ferðir ferjunnar Baldurs og akstur um sumartíma á milli Patreksfjarðar og Ísafjarðar um Dynandisheiði og Hrafnseyrarheiði.

Reynsla af verkefninu til þessa er að eftirspurn er lítil. Einnig eru atriði eins og fyrirkomulag vetrarþjónustu Vegagerðarinnar sem rekst á við þjónustuna, t.d. er varðar áætlunarferðir á leið 59 og áætlunar á milli Hólmavíkur og Ísafjarðar. Ljóst er þó að verktakar sem aka þessar leiðir á grundvelli einkaréttar FV, treysta á að akstur yfir sumartíma skili það góðri afkomu að það réttlæti þá tilraun að aka á heilsársgrundvelli. Hér eru tengsl við umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, þar sem sambandið bendir á mikilvægi orðskýringa í 3. gr laganna og það sem varðar 2. mgr 14. greinar

frumvarpsins. FV tekur undir með sambandinu, að hér ber að forðast þrönga skilgreingu á málinu. Það verður að vera kýrskýrt, að einkaréttur sveitarfélaga tryggji að ekki geti aðrir aðilar, en þeir sem aka samkvæmt samningi við sveitarfélögin og samtök þeirra, komið inn og boðið upp á tímabundinn akstur yfir arðsamasta tímann.

- Þá vill FV benda á að með þessari tilraun er verið að kanna grundvöll fyrir því að byggja upp lágmarkspjónustu í tengingu á milli þjónustusvæða innan landshlutans og tengingu við aðra landshluta. Sé niðurstaða tilraunarinnar neikvæð, þ.e. að ekki sé hægt að halda uppi lágmarkspjónustu, þá verður að vera til svigrúm frá því ákvæði lagagreinar frumvarpsins um lágmarkspjónustu þ.e. 1. mgr 14. gr og 1. málslíður 5. mgr 14. gr. Vissulega má segja að hér séu mótsagnir í forsendum FV, að halda einkarétti á tilgreindum leiðum en hafa um leið svigrúm til að veita ekki lágmarkspjónustu. En hér ræður sá takmarkaði fjárhagsrammi sem stjórnvöld setja til málaflokksins eins og tilgreint var hér í upphafi. Sé það vilji stjórnvalda að halda úti lágmarkspjónustu, þá verður sá vilji að sjást í hækkingu framlaga í fjárlögum fyrir árið 2016, sérstaklega verði litið til stöðu málaflokksins á Vestfjörðum í þeim efnum.
- Að lokum um markmið laganna, þar sem segir í 1. grein þessa frumvarps; *Markmið laga þessara er að efla öruggar og umhverfisvænar samgöngur fyrir almennig sem taka mið af þörfum samfélagsins fyrir hagkvæmar og skilvirkar almenningsamgöngur og stuðla að styrkingu byggðar í landinu.* FV styður þessi markmið frumvarpsins og bendir á um leið að þáttur almenningsamgangna kemur víða við beint og óbeint í áætlunum stjórnvalda og eru í raun forsenda fyrir framgangi þeirra. Þessu til stuðnings má nefna heilbrigðisáætlun, byggðáætlun og nú í væntanlegri þingsályktun um landsskipulagsstefnu fyrir 2015-2026. Í öllum þessum áætlunum er gert ráð fyrir breytingu á búsetumynstri og aukinni samþjöppun þjónustu hins opinbera. Þeim áætlunum er ekki hægt að framfylgja nema til staðar séu almenningsamgöngur með ásættanlegri tíðni og verðlagningu farmiða.

FV hvetur Alþingi til að vanda umfjöllun um frumvarpið en um leið að ljúka afgreiðslu þess nú á vörþingi.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.